

Sp.

127. Fyrirspurn

[122. mál]

til menntamálaráðherra um nám á framhaldsskólastigi.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Kristínu Einarsdóttur.

1. Hve margir luku grunnskólaprófi sl. vor og hve margir þeirra hafa nú hafið nám á framhaldsskólastigi, sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?
2. Hvernig var þetta hlutfall annars vegar á árunum 1970–1980 og hins vegar á árunum 1980 til loka síðasta skólaárs?
3. Hvenær var hafin kennsla á framhaldsskólastigi í fræðsluumdæmum landsins og hvers konar nám er í boði?
4. Hve margir framhaldsskólanemar stunda nú nám utan þess fræðsluumdæmis sem þeir eiga lögheimili í? Í hvaða fræðsluumdæmum stunda þeir nám sitt?
5. Hve mörg heimavistarrými standa nemendum framhaldsskólans til boða í einstökum fræðsluumdæmum?
6. Hve margir framhaldsskólanemar stunda nú nám í öldungaeildum, sundurliðað eftir fræðsluumdæmum og kyni?

Skriflegt svar óskast.